

Drög að frv. um fjármálastöðugleikaráð 24. apríl 2013

Frumvarp til laga

um fjármálastöðugleikaráð

(Lagt fyrir Alþingi á xxx. löggjafarþingi 201X-201Y.)

I. KAFLI

Markmið og skilgreiningar

1. gr.

Markmið

Markmið laga þessara er að efla og varðveita fjármálastöðugleika í almannabágu, auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins og sporna við uppsöfnun kerfisáhættu. Í því skyni er sérstöku ráði, fjármálastöðugleikaráði, falið skilgreint hlutverk.

2. gr.

Skilgreiningar

Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarstofnanir fjármálastöðugleikaráðs:* Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið.

2. *Fjármálakerfi:* allir lögaðilar sem stunda fjármálastarfsemi í skilningi laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, þ.m.t. opinberir lánasjóðir og lífeyrissjóðir, svo og fjármálamarkaðir og innviðir.

3. *Fjármálakreppa:* það ástand þegar rýrnun verulegs hluta eigna fjármálakerfisins eða markaðsbrestur á fjármálamörkuðum raskar fjármálastöðugleika.

4. *Fjármálamarkaðir:* Með fjármálamörkuðum er átt við lánsfjármarkað, verðbréfamarkað, gjaldeyrismarkað og tilheyrandi millibankamarkað.

5. *Fjármálastöðugleiki:* það ástand þegar ekki er rof eða veruleg truflun á starfsemi fjármálakerfisins og það býr yfir nægum viðnámsþrótti til að þola áföll og ójafnvægi án þess að veruleg neikvæð áhrif verði í miðlun lánsfjár, miðlun greiðslna og dreifingu áhættu.

6. *Innviðir:* Með innviðum er átt við opinber greiðslu- og uppgjörskerfi og eftirlitsstofnanir eins og Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitið.

7. *Kerfisáhætta:* þegar samspil fjármálakerfis og þjóðarbúskapar felur í sér sveiflumögnun, fjármálafyrirtæki verða viðkvæm fyrir aðgerðum annarra aðila eða líkur eru á að þau geti ekki staðið við skuldbindingar sínar vegna fjárhags- eða rekstrarerfiðleika og hætta er á atburðarás sem ógnað getur fjármálastöðugleika með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þjóðarbúskapinn.

II. KAFLI

Fjármálastöðugleikaráð

3. gr.

Skipan

Í fjármálastöðugleikaráði sitja sá ráðherra sem fer með fjárreiður ríkisins og fjármál, og er hann formaður ráðsins, sá ráðherra sem fer með málefni fjármálamarkaðar, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Formaður kallar ráðið saman til funda tvisvar á ári, en oftast, telji einhver ráðsmaður þörf á. Fjármálastöðugleikaráð setur sér starfsreglur og heldur gerðarbók á fundum sínum.

Aðildarstofnanir ráðsins skulu veita ráðinu þá þjónustu sem það óskar eftir til að sinna hlutverki sínu og sjálfar bera þann kostnað sem af hlýst. Umsýsla vegna fjármálastöðugleikaráðs og undirbúningur vegna funda þess er á höndum Seðlabanka Íslands.

4. gr.

Almenn verkefni

Fjármálastöðugleikaráð er vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika og samhæfir og ákveður viðbúnað opinberra aðila við fjármálakreppu.

Fjármálastöðugleikaráð mótar opinbera stefnu um fjármálastöðugleika, að fenginni greinargerð kerfisáhættunefndar og fylgir henni eftir. Í stefnu fjármálastöðugleikaráðs skal gera grein fyrir ástandi og horfum á fjármálamarkaði landsins, hvernig fylgst er með kerfisáhættu í fjármálakerfinu, fjalla um áhersluatriði varðandi nauðsynlega samhæfingu viðbragðsáætlana og aðrar aðgerðir sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að markmið þessara laga náist.

Ráðið leggur mat á, m.a. á grundvelli greiningar og tillagna kerfisáhættunefndar, efnahagslegt ójafnvægi, áhættu í fjármálakerfinu, óæskilega hvata og aðrar aðstæður sem líklegar eru til að ógna fjármálastöðugleika.

Að fengnum tillögum kerfisáhættunefndar skilgreinir fjármálastöðugleikaráð:

- þær aðgerðir, að undanskildum stjórnækjum Seðlabanka Íslands í peningamálum, sem taldar eru nauðsynlegar, á hverjum tíma, til að hafa áhrif á fjármálakerfið í þeim tilgangi að efla og varðveita fjármálastöðugleika;
- kerfislegt mikilvægi lögaðila og markaða sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika; og
- þær aðstæður sem geta leitt til ógnunar við fjármálastöðugleika.

Ráðið getur stofnað til umræðu, sett fram ábendingar og beint tilmælum um að grípa til aðgerða sem geta dregið úr eða komið í veg fyrir frekari ógnir við fjármálastöðugleika telji það þörf á og leggur mat á árangur slíkra aðgerða.

5. gr.

Sérstök verkefni

Fjármálastöðugleikaráð samhæfir aðgerðir stjórnvalda í fjármálakreppu.

Nú koma upp aðstæður sem líklegar eru til að ógna fjármálastöðugleika og getur þá fjármálastöðugleikaráð beint tilmælum til þar til bærra stjórnvalda um aðgerðir til að mæta þeim aðstæðum.

Ráðið leggur mat á hvenær fjármálakreppa telst yfirvofandi eða skollin á og hefur yfirumsjón með að gripið sé til nauðsynlegra ráðstafana.

Formaður fjármálastöðugleikaráðs heldur ríkisstjórn upplýstri um aðstæður og viðbrögð ráðsins.

6. gr.

Viðbrögð við tilmælum

Nú fer sá sem tilmælum er beint til ekki að þeim og skal hann þá skila til ráðsins skriflegum rökstuðningi fyrir afstöðu sinni innan hæfilegs tímafrests. Fjármálastöðugleikaráði er heimilt að birta rökstuðninginn í heild eða að hluta.

III. KAFLI Kerfisáhættunefnd

7. gr.

Skipan

Fyrir fjármálastöðugleikaráð starfar kerfisáhættunefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorri aðildarstofnun ráðsins. Seðlabankastjóri er formaður nefndarinnar. Í nefndinni sitja auk hans forstjóri Fjármálaeftirlitsins, aðstoðarseðlabankastjóri og einn fulltrúi tilnefndur af forstjóra Fjármálaeftirlitsins.

Ráðuneytisstjórar þeirra ráðuneyta sem fara með fjárreiður ríkisins og fjármál og málefni fjármáلامarkaða, eða embættismenn sem þau tilnefna, eiga sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

Kerfisáhættunefnd skal koma saman til funda að minnsta kosti fjórum sinnum á ári en oftartelji einhver nefndarmanna aðildarstofnana fjármálastöðugleikaráðs þörf á. Nefndin setur sér starfsreglur sem fjármálastöðugleikaráð staðfestir. Í starfsreglum skal m.a. tilgreina undirbúning og rökstuðning ákvarðana og endurskoðun starfsreglnanna. Þar skal koma fram þeir mælikvarðar sem ákvarðanir kerfisáhættunefndar byggja á.

Seðlabanki Ísland vistar nefndina og sér um skráningu og skjölun.

8. gr.

Hlutverk og verkefni.

Kerfisáhættunefnd leggur mat ástand og horfur í fjármálakerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Kerfisáhættunefnd nýtir til þess greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnanna samanber lög um Seðlabanka Íslands og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Kerfisáhættunefnd fjallar um samræmda beitingu stýritækja þessara stofnana sem lúta að fjármálastöðugleika og gerir tillögur til fjármálastöðugleikaráðs um tilmæli ráðsins um aðgerðir.

IV. KAFLI

Ýmis ákvæði.

9. gr.

Þagnarskylda

Aðildarstofnanir skulu afhenda fjármálastöðugleikaráði og kerfisáhættunefnd upplýsingar og gögn sem stofnanirnar búa yfir og ráðið og nefndin telja nauðsynlegar vegna hlutverka sinna. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari grein, svo og gögn sem verða til á vettvangi nefndarinnar eða umræður í nefndinni, eru háðar þagnarskyldu samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og lögum um Seðlabanka Íslands.

10. gr.

Gagnsæi

Fjármálastöðugleikaráð skal árlega, og oftartelji ef þörf er á, gera Alþingi grein fyrir meginþáttum í störfum sínum. Opinberlega skal gera grein fyrir störfum fjármálastöðugleikaráðs. Birta skal opinberlega starfsreglur fjármálastöðugleikaráðs og kerfisáhættunefndar.

Formaður fjármálastöðugleikaráðs skal halda forsætisráðherra upplýstum um störf ráðsins.

Ákvæði upplýsingalaga og stjórnsýslulaga um aðgang að gögnum gilda ekki um fundargerðir og þau gögn sem unnin eru fyrir fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd eða eru þar til meðferðar.

11. gr.
Hæfisskilyrði

Nefndarmönnum í kerfisáættunefnd er óheimilt að sinna öðrum þeim störfum sem geta verið til þess fallin að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa.

V. KAFLI.
Gildistaka o.fl.

12. gr.
Gildistaka

Lög þessi öðlast gildi xx.xx.xxxx

IV. KAFLI
Breytingar á öðrum lögum

13. gr.

Breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum:

a. Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

1. Ný málsgrein bætist við greinina, sem verður 2. mgr., svohljóðandi:

Þá skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika.

2. Við 3. mgr. bætist: „og 2. mgr.“

b. 4. gr. laganna verður svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands skal sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjaldeyrisvarasjóð, fylgjast með skuldastöðu þjóðarbúsins, stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, vera nauðsynlegur bakhjarl greiðslukerfa innanlands og við útlönd og eiga samstarf við innlend og erlend stjórnvöld til þess að tryggja að viðfangsefnum hans sé sinnt á sem virkastan hátt.

c. 1. másl. 1. mgr. 23. gr. orðast svo: Ráðherra skipar seðlabankastjóra og tvo aðstoðarseðlabankastjóra til fimm ára í senn.

d. 9. og 10. másl. 2. mgr. 24. gr. laganna falla brott.

e. Eftirfarandi breytingar verða á 29. gr. laganna:

1. Á eftir orðinu „milliliðalaust“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: , og svo oft sem þurfa þykir,

2. Nýr málslíður bætist við 1. mgr., svohljóðandi: Er þeim skylt, að viðlögðum viðurlögum skv. 37. gr., að láta Seðlabankanum í té allar upplýsingar og gögn sem bankinn telur nauðsynleg til þess að sinna hlutverki sínu. Lagaákvæði um þagnaskyldu takmarka ekki skyldu til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum.

3. Ný málsgrein, sem verður 2. mgr., bætist við, svohljóðandi: Seðlabankinn getur krafist upplýsinga og gagna frá öðrum stjórnvöldum, óháð þagnarskyldu þeirra.

f. Eftirfarandi breytingar verða á 35. gr. laganna:

1. 4. mgr. verður svohljóðandi:

Seðlabankastjóri skal eiga reglulega samráðsfundi með forstjóra Fjármálaeftirlitsins. Seðlabankinn skal veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem bankinn býr yfir og nýtast í starfsemi Fjármálaeftirlitsins óháð þagnarskyldu bankans. Þá er Seðlabankanum heimilt að eiga samstarf við Fjármálaeftirlitið um öflun og vinnslu upplýsinga. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal forstjóra Fjármálaeftirlitsins tafarlaust gert viðvart. Upplýsingar sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein eru háðar þagnarskyldu samkvæmt þessum lögum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

2. Ný málsgrein bætist við, svohljóðandi:

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið skulu gera sérstakan samning um samstarf stofnananna. Í samningnum skal sérstaklega kveðið á um upplýsingaskipti milli Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins og sameiginlega greiningarvinnu stofnananna á fjármálastöðugleika og kerfisáhættu samkvæmt lögum um fjármálastöðugleikaráð. Endurskoða skal samstarfssamninginn annað hvert ár.

14. gr.

Breyting á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum:

- a. Við 1. mgr. 1. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fjármálaeftirlitið skal í störfum sínum stuðla að fjármálastöðugleika.
- b. Við 1. mgr. 8. gr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Við mat á umfangi eftirlits samkvæmt lögum þessum, þ.á m. við gerð reglna, skal Fjármálaeftirlitið líta til stærðar, kerfislegs mikilvægis, eðlis og umfangs starfsemi viðkomandi eftirlitsskyldra aðila og þess hversu margþætt hún er.
- c. 5. mgr. 9. gr. fellur brott.
- d. 4. mgr. 14. gr. verður svohljóðandi: Í tengslum við athuganir tiltekinna mála er öðrum stjórnvöldum skylt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn óháð þagnarskyldu þeirra.
- e. 2. mgr. 15. gr. verður svohljóðandi:
Fjármálaeftirlitið skal veita Seðlabankanum allar upplýsingar sem stofnunin býr yfir og nýtast í starfsemi bankans óháð þagnarskyldu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að eiga samstarf við Seðlabankann um öflun upplýsinga. Komi í ljós grunsemdir um bresti í fjárhagslegri stöðu eftirlitsskyldra aðila, sem eru í viðskiptum við Seðlabankann, skal Fjármálaeftirlitið tafarlaust gera seðlabankastjóra viðvart.
- f. 4. mgr. 15. gr. verður svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitið og Seðlabanki Íslands skulu gera sérstakan samning um samstarf stofnananna. Í samningnum skal sérstaklega kveðið á um upplýsingaskipti milli Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans og sameiginlega greiningarvinnu stofnananna á fjármálastöðugleika og kerfisáhættu samkvæmt lögum um fjármálastöðugleikaráð. Endurskoða skal samstarfssamninginn annað hvert ár.